



Reykjavík, 10. september 2026

Efni: Innleiðing reglugerðar um notkun síma og snjalltækja á skólatíma í grunnskólum og frístundaheimilum.

Reglugerð um notkun síma og snjalltækja á skólatíma í grunnskólum og frístundaheimilum hefur nú tekið gildi. Í reglugerðinni er meðal annars kveðið á um að notkun síma og snjalltækja sem ekki eru í eigu eða umsjá skóla eða frístundaheimilis sé óheimil á skólatíma. Grunnskólar og frístundaheimili skulu ákveða fyrirkomulag geymslu tækjanna þannig að þau séu ekki aðgengileg nemendum. Í reglugerðinni er í dæmaskyni tekið fram að tækin megi geyma í skápum, hólfum eða geymslukössum. Jafnframt segir að hver skóli og frístundaheimili skuli móta sér nánari reglur um fyrirkomulag geymslu og afhendingu tækjanna í samráði við aðila skólasamfélagsins.

Í reglugerðinni er sérstaklega kveðið á um að nemendum skuli veitt tækifæri til að taka þátt í innleiðingu og framkvæmd hennar. Þátttaka þeirra á meðal annars að ná til fyrirkomulags við geymslu og afhendingu síma og annarra snjalltækja, mats á því hvaða áhrif símafríð hefur á nemendur og mótunar leiða til að koma til móts við þá, svo sem með fjölbreyttri afþreyingu í frímínútum.

Umboðsmaður barna hvetur skóla til að nýta innleiðingu reglugerðarinnar sem tækifæri til að eiga samtal við nemendur um fyrirkomulag og framkvæmd í þeirra skóla. Samráð við nemendur ætti að fara fram áður en endanlegar ákvarðanir um fyrirkomulag eru teknar og með þeim hætti að nemendur hafi raunhæf tækifæri til að hafa áhrif. Þá skal taka réttmætt tillit til skoðana nemenda í samræmi við aldur þeirra og þroska. Ekki er nægilegt að kynna nemendum reglur eftir að þær hafa þegar við ákveðnar. Með virkri þátttöku nemenda má ekki aðeins uppfylla þær kröfur sem reglugerðin gerir um samráð heldur jafnframt stuðla að aukinni sátt um framkvæmdina og að reglurnar taki mið af raunverulegum aðstæðum og þörfum barna í skólastarfinu.

Virðingarfyllst,

Salvör Nordal, umboðsmaður barna